

## Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn Hjálmars Árnasonar um umferð á Reykjanesbraut.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hefur orðið mælanleg breyting á umferðarhraða og tíðni umferðaróhappa á Reykjanesbraut eftir að embætti sýslumanna í Hafnarfirði, Keflavík og á Keflavíkurflugvelli hófu markvisst eftirlit á brautinni?*

Eftirlit var aukið árið 2000. Mat lögreglustjóraembættanna er að umferðarhraðinn hafi minnkað, einkum fyrstu mánuðina. Engu að síður er hann enn of mikill. Lögreglan hefur lagt áherslu á að jafna hraðann og gera aksturinn hindrunarlausan og telur að þannig megi fækka umferðaróhöppum. Tölur um árangur af hertu eftirliti lögreglunnar eru sem hér segir:

*Árið 2000.*

1.905 kærðir fyrir of hraðan akstur.

213 umferðaróhöpp – 40 slys í þessum óhöppum, 4 banaslys.

69 kærðir fyrir ölvun við akstur.

*Árið 2001.*

2.063 kærðir fyrir of hraðan akstur.

167 umferðaróhöpp – 28 slys í þessum óhöppum, 1 banaslys.

61 kærðir fyrir ölvun við akstur.

Vegagerðin hefur um árabíl mælt hraða á Reykjanesbraut með ratsjá. Einungis er mældur hraði þeirra bifreiða sem eru á frjálsri ferð, þ.e. óháðar öðrum bifreiðum. Niðurstaða Vegagerðarinnar er að litlar breytingar hafi orðið á meðalhraða í umferðinni á þeim tíma sem hér um ræðir. Þó kunnir að hafa dregið úr ofsaakstri á Reykjanesbraut, en um það verði ekkert fullyrt á þessu stigi.